



# ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður  
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

**Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík**

Ísafjörður, 13. júní 2017  
2017050111

## **Efni: Umsagnar óskað**

26. maí 2017 barst embætti byggingar- og skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar fyrirspurn um byggingarleyfi í landi Sæborgar, í Aðalvík. Var erindinu vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar með eftirfarandi bókun.

***Inngangur:** Fyrirspurn um byggingaleyfi, Einar Hreinsson leggur inn fyrirspurn um hvort heimilt sé að reisa sumarhús á lóð nr. 3 við í landi Sæborgar í Aðalvík.*

***Bókun:** Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið og vísar byggingafulltrúi umsókninni til skipulags- og mannvirkjanefndar með vísan í gr. 5.9.1. skipulagsreglugerðar nr.90/2013*

Skipulags- og mannvirkjanefnd tók erindið fyrir á 478 fundi sínum þann 08.06.2017 með eftirfarandi bókun

### **Inngangur:**

Eftirfarandi erindi var tekið fyrir á 21. afgreiðslufundi byggingafulltrúa 31. maí 2017.

Einar Hreinsson leggur fram ódagssetta fyrirspurn um byggingarleyfi á lóð nr. 3 í landi Sæborgar í Aðalvík.

Þar sem ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið, vísar byggingafulltrúi umsókninni til skipulags- og mannvirkjanefndar, með vísan í gr. 5.9.1 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013

### **Bókun:**

*Skipulags- og mannvirkjanefnd felur byggingafulltrúa að óska eftir álitum Skipulagsstofnunar í samræmi við gr. 5.11.2 skipulagsreglugerðar 90/2013*

Með vísan í bókun skipulags- og mannvirkjanefndar frá fundi nr. 478 er óskað eftir umsögn Skipulagsstofnunar. Óskað er eftir mati á því hvort þörf sé á deiliskipulagi fyrir Sæból og Garða. Jafnframt hvort byggingarheimildir séu fyrir hendi í landi Sæborgar, Sæbóls og Garða m.t.t. Aðalskipulags- Ísafjarðarbæjar 2008-2020



# ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður  
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

## Forsendur

Jarðirnar Sæból og Garðar eru skilgreindar í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 sem frístundahúsasvæði og er merkt F14, í töflu 7.19 jafnframt heimild fyrir allt að þremur nýjum húsum.

Í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er vísað jafnframt til þess að öll hús byggð eftir 1965 teljast nýbyggingar skv. sameiginlegum ákvæðum í töflu 7.17. Vissulega hafa hús risið eftir 1965 í landi Sæbóls og Garða, eru þessi þrjú hús sem getið er hrein í töflu 7.19 viðbót við þau hús sem fyrir eru og við þau hús sem talinn eru nýbyggingar e. 1965

Ísafjarðarbær hefur heimilað stofnun lóðar (lóð 3) í landi Sæborgar, Sæborg hefur ávallt hefur verið talinn hluti af jörðinni Garðar, hinsvegar hefur eftirfarandi komið í ljós síðar

Sýslumaður staðfesti landaskipti 11. Júní 1938 þar sem landi Sæborgar er skipt út úr jörðinni Garðar og vísar til afsals frá 13. Nóvember 1936, jafnframt liggur fyrir skjal dags. 31.12.1937 frá Nýbýlastjórn Ríkisins þar sem lánað er til Jóns Magnússonar vegna stofnun nýbýlis í landi Garða í Sléttuhreppi, umrætt skjal var þinglýst 07.12.1936 umrætt nýbýli er Sæborg.

Með vísan í að jörðinni hafi verið skipt upp og skiptin staðfest af Sýslumanni, þá er því velt upp hvort það sé fyrir einhverjum byggingarheimildum fyrir að fara í landi Sæborgar þar sem það er hvergi minnst á Sæborg í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 heldur einungis Garðar-Sæból

Virðingarfyllst,

  
Axel Rodríguez Overby  
- skipulags- og byggingarfulltrúi -  


Hjálagt er eftirfarandi:  
Mæliblað  
Útlitsteikning  
Fyrirspurn  
Afsal Sæborgar  
Jarðaskipti  
Stofnun Nýbýlis